

Miðvikudaginn 20. mars 1991.
 Nr. 351/1990. **Verslunarfélag Íslands og Spánar hf.**
 gegn

Ó. Johnson og Kaaber hf.,
Stofnlánasjóði matvörukaupmanna,
Einari B. Arasyni,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.,
Jóni Gunnari Sæmundssyni,
Baldvini Einarssyni og
Sigurði G. Guðjónssyni hrl. vegna
þrotabús Víðis sf.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 12. júní 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1991. Málinu var síðan að hans ósk frestað til 1. mars. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til apríl 1991.

Af hálfu stefnda Ó. Johnson og Kaaber hf. hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 1. mars sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík hafði áfrýjandi ekki enn óskað eftir dómsgerðum í málinu 4. mars 1991.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hafi ekki nýst honum. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Ó. Johnson og Kaaber hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Verslunarfélag Íslands og Spánar hf., greiði stefnda Ó. Johnson og Kaaber hf. 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.
